

Dagsetning
14.nóvember 2011

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um þingsályktunartillögu um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, mál 7.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur að margt í þeim 48 tillögum sem fram koma í þingsályktunartillögunni geti orðið til framfara ef vel tekst til. Verkefnið er krefjandi, t.d. hvað varðandi endurskoðun á atvinnuvegaskiptingu í opinberum hagtölum en það er forsenda þess að unnt sé að skoða umfang og mæla árangur.

Mörgum aðgerða áætlunarinnar er ætlað að koma til framkvæmda á árinu 2012 og ljóst að það krefst samþættingar við ýmsar aðrar ákvarðanir, t.d. varðandi gerð fjárlaga. Samkvæmt tillögu 48 er gert ráð fyrir að Ísland verði kynnt sem grænt hagkerfi fyrir kaupendum vöru og þjónustu, fjárfestum og ferðamönnum og er tímasetning þeirrar aðgerðar árið 2012. Forsenda þeirrar kynningar er að stór hluti hinna tillagnanna sé kominn til framkvæmda og því rökrétt að framkvæmd þessarar tillögu komi síðar en þær.

Tillaga 22 er eftirfarandi: „Lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun verði breytt þannig að stofnunin hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi og flétti áherslur græns hagkerfis inn í starfsemi sína, lánveitingar, vaxtarsamninga og annað samstarf við atvinnuþróunarfélög.“

Byggðastofnun telur að þetta myndi setja stofnuninni takmarkaðra svigrúm í lánveitingum sínum og þar af leiðandi hafa áhrif á rekstur hennar. Þá vill stofnunin benda á að hún kemur ekki að gerð vaxtarsamninga. Stofnunin mun fylgja þeim lagaákvæðum sem sett eru um starfsemi hennar, ef lögum verður breytt með þessum hætti.

Aðrar tillögur varða starfsemi stofnunarinnar með óbeinum hætti, svo sem um vistvæn innkaup og ársskýrslugerð í samræmi við leiðbeiningar Global Reporting Initiative (GRI). Byggðastofnun mun leitast við að haga starfsemi sinni í samræmi við áherslur stjórnvaldsákvæðana sem farið er fram á í þessum efnunum, sem öðrum. Leiði þessar breytingar til aukins rekstrarkostnaðar þurfa fjárveitingar að taka mið af því.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar